

boenda
FERÐIR

HJÓLAÐ Í TOSKANA & CINQUE TERRE



25. maí – 1. júní 2024
Fararstjórn: Bjarni Torfi Álfþórsson

Hjólaferð
Ítalía

Ferðalýsing

Í þessari töfrandi hjólaferð verður hjólað um **Toskanahéraðið** á Ítalíu sem svo marga dreymir um að heimsækja. Hjólaðar verða fallegar leiðir í gegnum sveitahéruðin þar sem við upplifum fagurt landslagið með öllum skilningarvitum. Á vegi okkar verða frjósamir vínakrar, **heiðgrænir ólífulundir** og önnur dásamleg gróðursæld innan um fornar byggingar og huggulega strandbæi. Við munum hjóla eftir aldagömlum virkisveggjum **miðaldaborgarinnar Lucca** og njóta útsýnis frá **Lerici** yfir Skáldaflóann. Kynnumst heillandi bæjunum **Luni** og **Sarzana** og hjólum með fram fornum og tignarlegum sýprustrjám að Bolgheri kastalanum í fallega bænum Bolgheri. Toppum svo þessa dásamlegu ferð með heimsókn í **Cinque Terre** þjóðgarðinn einstaka en hann er á heimsminjaskrá UNESCO sökum einstakra menningarminja. Þema ferðarinnar er að njóta hins ljúfa lífs og það getum við sannarlega gert á hótelinu sem er staðsett nálægt ströndinni á einum vinsælasta sumardvalarstað Ítalíu. Hvenær sem er í ferðinni er hægt að **taka daginn rólega** og njóta aðstöðunnar á hótelinu eða kanna umhverfið á eigin vegum.

8 dagar | 7 nætur í Marina di Pietrasanta



Undirbúningur

Dagleiðirnar í þessari hjólaferð spanna um 27 -50 km. Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Við ráðleggjum fólki að æfa sig vel fyrir ferðina, fara í nokkra lengri dagstúra og festa kaup á gelhnakki eða hjólabuxum. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir hjólaferð af þessu tagi og fólk nýtur sjálfrar ferðarinnar betur ef það æfir og undirbýr sig vel fyrir ferðina. Fararstjóri mun bjóða þátttakendum í stutta hjólaferð hér heima áður en haldið verður utan.

Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir hjóladaga ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í hjólaferðir á eigin vegum.

Tillaga að dagleiðum

Bjarni Torfi Álfþórsson fararstjóri er reyndur hjólamaður og mun hann skipuleggja hjólaferðirnar eftir aðstæðum hverju sinni í samráði við enskumælandi innlenda leiðsögumann sem fylgja mun hópnum alla hjóladagana. Eftirfarandi eru leiðarlýsingar til viðmiðunar fyrir fimm hjóladaga sem fararstjóri getur skipulagt ásamt því að breyta eða bæta við stöðum. Gert er ráð fyrir einum frídegi.



1. Montemarcello & Lerici

Pennan fyrsta hjóladag flytur rútan okkur á upphafsreit dagsins í Amelia. Fyrsti hjólaleggurinn leiðir okkur til Montemarcello þjóðgarðsins en þaðan er einstakt útsýni yfir Ligurian ströndina og Portovenere. Við hjólum áfram í rólegheitum til Lerici við Golfo dei Poeti flóann, eða Skáldaflóa eins og hann kallast á íslensku. Hér prýða borgina glæstar byggingar og kastalavirki frá veldi Pisa- og Genúabúa. Við dveljum hér nokkra stund og njótum bæði hádegisverðar og útsýnis áður en ekið verður til baka á hótelið í rútu.



- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 27 km*
- ✓ *Hækkun: u.þ.b. 390 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: létt til miðlungserfið*

2. Lucca

Nú höldum við af stað áleiðis til bæjarins Lucca. Leið okkar liggur upp eftir einum hinna fornu vega sem lágu til Rómur. Við komum að sögulegu þorpi, Pietrasanta, en hér er tilvalið að líta á San Martino dómkirkjuna frá 14. öld. Höldum því næst áfram hluta hins forna pílgrímsvegur, Via Francigena, til Lucca sem er gömul virkisborg og var á 13. og 14. öld ein af valdamestu borgum Evrópu. Við munum hjóla eftir virkisveggjunum frá miðri 17. öld og njóta stórkostlegs útsýnis yfir borgina ásamt því að fara í stutta skoðunarferð fótgangandi um hana. Ekið verður til baka á hótelið í rútu.



- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 50 km*
- ✓ *Hækkun: u.þ.b. 480 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: létt til miðlungserfið*

3. Luni & Sarzana

Pennan dag hjólum við af stað eftir Versilíaströndinni til Luni sem nú er þorp en var eitt sinn kunn hafnarborg. Luni er þekkt fyrir fornar rústir rómversks hringleikahúss. Þaðan er svo farið í annan heillandi, gamlan bæ, Sarzana. Hér skoðum við okkur um, röltum eftir notalegum, litlum strætum og kíkjum svo á kastala umluktan varnarveggjum sem hafa varðveist ótrúlega vel. Ekið verður til baka á hótelið í rútu.



- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 43 km*
- ✓ *Hækkun: u.þ.b. 200 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: létt til miðlungserfið*

4. Frídagur

Pennan dag er tilvalið að láta hugsanlegar harðsperrur líða úr sér og njóta þess sem hótelið hefur upp á að bjóða, slappa af við sundlaugina eða kynna sér nágrennið á eigin vegum. Hjólin eru til staðar ef einhverjir vilja skreppa í hjólaferð á eigin vegum.

5. Cinque Terre

Í dag munum við heimsækja Cinque Terre þjóðgarðinn einstaka en hann er á heimsminjaskrá UNESCO sökum einstakra menningarminja. Þorpin eru staðsett í miklu brattlendi og því verður aðeins hjólað á milli tveggja af þorpunum fimm. Við höldum af stað með rútu til bæjarins La Spezia en þaðan hjólum við af stað til Manarola sem tekur á móti okkur með sinni litlu fallegu höfn. Hjólum áfram og njótum útsýnis yfir sjóinn, vínekrur og ilmandi Miðjarðarhafsróður þangað til við komum að Monterosso, sem er stærsta þorpið og það eina með sandströnd þar sem gott er að slaka á. Eftir að hafa skoðað okkur um góða stund höldum við með lest aftur til La Spezia þar sem rútan bíður okkar og flytur aftur á hótelið.



- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 33 km
- ✓ Hækkun: u.þ.b. 700 m
- ✓ Erfiðleikastig: miðlungserfið til krefjandi

5. Bolgheri & vínleiðin



Rútan flytur okkur á upphafsreit dagleiðarinnar en nú munum við hjóla í gegnum dásamlegt landslag Toskana héraðsins til fallega bæjarins Bolgheri. Til að komast þangað hjólum við í gegnum hinn þekktu Viale dei Cipressi, eða sýprusveginn, sem afmarkast af fornum en tignarlegum sýprustrjám sem leiða okkur að Bolgheri kastalanum. Frá Bolgheri höldum við áfram eftir vínleiðinni sem er hlaðin vínekrum með girnilegum

vínberjum og silfurlituðum ólífutrjám að fallegu bæjunum Bibbona og Casale Marittimo. Lokaspotti dagsins leiðir okkur niður að sjó þar sem við getum notið vel verðskuldaðrar hvíldar á ströndinni. Ekið verður til baka á hótelið í rútu.

- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 48 km
- ✓ Hækkun: u.þ.b. 380 m
- ✓ Erfiðleikastig: miðlungserfið

Hotel Zen

Gist verður á 4* hóteli í hjarta Versílastrandarinnar í strandbænum Marina di Pietrasanta, Hotel Zen. Herbergin eru búin öllu því helsta; loftkælingu, sjónvarpi, nettengingu og míníbar. Hótelið er staðsett um 350 m frá sjávarsíðunni. Á þaki hótelsins er sundlaug og sólbaðsaðstaða.



Flugið

Flugið verður með Icelandair til til Mílanó þann 25. maí. Brottför frá Keflavík kl. 08:20 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Mílanó kl. 14:30 að staðartíma. Frá flugvellið í Mílanó á gististað er um 300 km akstur. Á heimleið 1. júní flytur rúta okkur til Mílanó en þaðan verður flugið kl. 15:30. Lending á Íslandi kl. 17:45 að staðartíma.

Verð

389.500 kr. á mann í tvíbýli | 30.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í Mílanó og hótelsins.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4 stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð alla daga á hóteli.
- ✓ Þriggja rétta kvöldverður alla daga á hóteli.
- ✓ Leiga á rafhjóli í 6 daga.
- ✓ Hjóladagskrá.
- ✓ Rútuferðir til baka frá stöðum samkvæmt prógrammi.
- ✓ Lestarferð frá Monterosso til La Spezia.
- ✓ Innlend staðarleiðsögn í hjólaferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Leiga á hjólatösku 6.800 kr.
- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

